

Sp.

401. Tillaga

til þingsályktunar um kosningu nefndar, til þess að endurskoða reikninga yfir kaup og sölu á vörum þeim, er stjórnin hefir síðastliðið ár keypt fyrir landssjóðsfje.

Flutningsmenn: Guðm. Hannesson. Þórarinn Benediktsson.
Sigurður Gunnarsson. Hjörtur Snorrason og
Pjetur Jónsson.

Alþingi ályktar, að kjósa 5 manna nefnd, til þess að endurskoða reikninga yfir kaup og sölu á vörum þeim, sem stjórnin, með ráði velferðarnefndar, hefir keypt fyrir landssjóðsfje og gefa þinginu stutta skýrslu um það, hvernig þessi verslun hefir borið sig.